




REYKJANESBÆR

reykjanessaer.is



Skipulags- og matslýsing Aðalskipulag Reykjanessbæjar 2020-2035

Drög
Júní 2019

19197

https://vsoradjof.sharepoint.com/teams/19197-ask-reykjanesbr/Verkefnisgogn/19197-Skipulagslýsing_190509.docx

Maí 2019

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	07.05.2019	SGT/AK/HTT		
2	09.05.2019	HB/ASÞ		
3	03.06.2019	AK/HTT		

Efnisyfirlit		7	Kynning og samráð	20
1	Inngangur	4	7.1 Samráð	20
2	Staðhættir	5	7.2 Kynningar	20
3	Forsendur	5	7.3 Umsagnaraðilar	20
3.1	Íbúafjöldi	5	7.4 Hagsmunaaðilar	21
3.2	Mannfjöldaspá	6	8 Verkferli	21
3.3	Atvinnumál	7		
3.4	Íbúðarhúsnæði	7		
4	Viðfangsefni og áherslur	8		
4.1	Helstu viðfangsefni skipulagsvinnu	8		
4.2	Atvinna	8		
4.3	Íbúðarbyggð	12		
4.4	Auðlindir	15		
4.5	Samgöngur og veitur (Þjónustukerfi)	16		
4.6	Samfélag	17		
4.7	Loftslag	17		
4.8	Takmarkanir á landnotkun	17		
5	Tengsl við aðrar áætlanir	18		
6	Matslýsing	18		
6.1	Matsskylda	18		
6.2	Nálgun og áherslur matsvinnu	18		
6.3	Valkostir	19		
6.4	Staðhættir og sérstaða	19		
6.5	Umhverfispættir	19		
6.6	Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu	20		

1 Inngangur

Aðalskipulagsgerð er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa, að teknu tilliti til heildarhagsmuna, um viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins til lengri tíma. Aðalskipulagið felur í sér sýn og skýra ákvörðun um hvert sveitarfélagið vill stefna og hvernig settum markmiðum verður náð, á markvissan hátt.

Í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 var horft til þess að forsendur fyrra aðalskipulags um öra íbúapróun gengu ekki eftir og sett fram íbúaspá sem gerði ráð fyrir breytilegri þróun, með 2,5% árlegri fjölgun fyrstu árin en eftir 2022 drægi úr vexti. Þróunin hefur ekki verið í samræmi við spár, heldur varð íbúafjölgunin í reynd mun örari. Í aðalskipulaginu var gert ráð fyrir að í lok skipulagstímabilsins væru íbúar Reykjanesbæjar rúmlega 20.000, gengi spá um breytilega fjölgun eftir. Þróunin hefur hins vegar verið önnur. Frá árinu 2015 hefur íbúum fjölgað að meðaltali um rúm 6% á ári og nær öll áætluð íbúafjölgun skipulagstímabilsins því þegar komin fram, þar sem íbúar Reykjanesbæjar voru tæplega 19.000 í ársbyrjun 2019. Það er því ljóst að verulegar breytingar hafa orðið á efnahagslegum og samfélagslegum forsendum. Þessar forsendur hafa bein áhrif á grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar voru um þróun og uppbyggingu atvinnu og íbúða í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030.

Umhverfis- og skipulagsráð hefur farið yfir leiðarljós og markmið aðalskipulagsins 2015-2030. Niðurstaðan er að flest leiðarljós og markmið eru enn í gildi, s.s. hvað varðar auðlindir, byggð, samgöngur og veitur, og atvinnu. Margt í aðalskipulaginu mun verða óbreytt eða lítillega breytt. Þó er ljóst að endurskoða þarf hluta markmiða og fyrst og fremst hvað varðar fjölda nýrra íbúða og uppbyggingu atvinnusvæða á skipulagstímabilinu.

Frá gildistöku Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2015-2030 hefur verið samþykkt stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum, m.a. aðgerðaráætlun til ársins 2030 með það að markmiði um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda svo Ísland geti staðið við skuldbindingar gagnvart Parísarsamningnum.

Reykjanesbær hefur markað stefnu í málaflokkum sem varða aðalskipulagsgerðina og má þar helst nefna Húsnæðisáætlun til ársins 2025

skv. lögum um húsnæðismál sem var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 20. mars 2018. Einnig ferðamálafestefnu fyrir Reykjanesbæ sem samþykkt var 2017.

Reykjanesbær hélt íbúafund þann 17.11.2018 þar sem m.a. var leitað eftir áherslum og sjónamiðum íbúa um skipulag sveitarfélagsins. Þær áherslur eru m.a. þétting byggðar, uppbygging Ásbrúar og þróun atvinnusvæðisins í Helguvík.

Reykjanesbær telur að grundvallarbreytingar á efnahags- og samfélagslegum forsendum, sem fela m.a. í sér aðra íbúapróun, skapi nýjar áskoranir fyrir sveitarfélagið að móta leiðir í framtíð sveitarfélagsins í takt við leiðarljós og markmið aðalskipulagsins.

Reykjanesbær hefur sett á laggirnar stýrihóp um aðalskipulagsvinnuna, sem í sitja: Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, Eysteinn Eyjólfsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, Helga María Finnbjörnsdóttir og Ríkhildur Ibsensson, auk Guðlaugs H. Sigurjónssonar sviðsstjóra umhverfissviðs og Gunnars Kr. Ottóssonar, skipulagsfulltrúa.

Með hliðsjón af ofangreindum forsendum hefur Reykjanesbær ákveðið að endurskoða aðalskipulagsáætlun sveitarfélagsins, og byggja hana á nýjum grundvallarforsendum um íbúapróun og á grunni þeirra taka ákvörðun um uppbyggingu íbúða og atvinnustarfsemi. Ákvarðanir geta m.a. tekið til:

- ✓ Umfangs uppbyggingar, þ.e. fjöldi íbúða og stærð atvinnuhúsnæðis
- ✓ Nýrrar forgangsröðunar á uppbyggingu í sveitarfélaginu og mögulega frestun á ákveðnum svæðum
- ✓ Tegundar atvinnustarfsemi, áherslur um þróun næstu árin
- ✓ Stærðar og uppbyggingarsvæða
- ✓ Aukinnar áherslu á þéttingu áður en ný svæði verði tekin undir íbúðarbyggð
- ✓ Vistvænna samgangna þ.m.t. almenningssamgangna

Þessar grundvallarbreytingar hafa áhrif á innviði og byggðamynstur sem þarf að endurskoða í kjölfarið s.s. hvað varðar útfærslu á tvöföldun Reykjanesbrautar, verndarsvæði í byggð, áætlun um aðgerðir vegna hækkunar sjávar og náttúruvár, hljóðvist og önnur umhverfismál.

2 Staðhættir

Reykjanesbær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna 11. júní 1994. Þann 1. janúar 2019 bjuggu 18.920 í Reykjanesbæ.

Landsvæði Reykjanesbæjar nær frá norðurmörkum Keflavíkur og út á Reykjanestá. Stærð sveitarfélagsins er 145 km².


Land núverandi byggðar er allslétt og fremur aflíðandi milli sjávar og Reykjanesbrautar. Undantekning er Bergið sem afmarkar bæinn á tilkomumikinn hátt til norðurs og Ásbrú sem er hæsti hluti þéttbýlisins. Strandlengjan er fjölbreytileg, ýmist náttúruleg eða manngerð með fyllingum, brimvörnum og höfnum. Helstu kennileiti eru Grófin, Vatnsnes, Keflavíkurhöfn, Njarðvíkurhöfn, Hákotstangar og Njarðvíkurfitjar. Land hækkar töluvert austan Tjarnahverfis þar sem Dalshverfi rís nú. Landslag breytist þar úr sléttu í hæðótt og sjávarsíðan úr strönd í þverhnipt sjávarbjörg. Við Hafnir á syðsta hluta Reykjanesskaga hafa átök elds og sjávar mótað landslag allt og landshætti.

3 Forsendur

3.1 Íbúafjöldi


Í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 er sett fram háspá um 1,5% árlega meðalfjölgun íbúa yfir skipulagstímabilið en einnig spá um breytilegan vöxt, þ.e. 2,5% árleg meðalfjölgun til ársins 2022 en eftir það drægi úr vaxtarhraða út skipulagstímabilið. Samkvæmt háspánni var gert ráð fyrir 18.660 íbúum árið 2030 en rúmlega 20.050 íbúum miðað við forsendur um breytilegan vöxt.

Íbúar í Reykjanesbæ voru 18.920 í upphafi árs 2019 og hefur fjölgað um 4.000 manns á aðeins fjórum árum. Árið 2018 sker sig mjög úr en þá fjölgaði um 2.570 manns í Reykjanesbæ (mynd 3.1). Frá árinu 2000 hefur íbúum Reykjanesbæjar að meðaltali fjölgað um 2,8% á ári á meðan fólksfjölgun á Íslandi var að meðaltali rúmt 1%.



Mynd 3.1 Íbúapróun í Reykjanesbæ 2004-2019 og breytingar á íbúafjölda

Aldurs- og kynjasamsetning íbúafjöldans í Reykjanesbæ er frábrugðin samsetningunni á landsvísi að því leyti að fólk á aldrinum 20 til 40 ára er hlutfallslega fjölmennara í Reykjanesbæ, einkum karlmenn í þessum aldurshópum. Hlutfall íbúa yfir miðjum aldri er hins vegar ívið lægra í Reykjanesbæ en hlutfall þessa hóps á landinu í heild (mynd 3.2). Fjölgun hefur verið mikil í hópi erlendra ríkisborgara í Reykjanesbæ undanfarin ár. Líklegt verður að telja að aldursdreifing og fjölgun erlendra ríkisborgara útskýrist helst af vaxandi umsvifum á Keflavíkurflugvelli, sbr. kafla 3.3.




3.2 Mannfjöldaspá

Landsmönnum hefur frá 1950 fjölgað að meðaltali um 1,3% á ári. Íbúaspá Hagstofu Íslands setur fram miðspá um 0,65% árlega meðalfjölgun landsmanna til næstu 20 ára, en háspá um rúmlega 1% árlega fjölgun og lágspá um aðeins 0,25%. Búferlaflutningar til og frá landinu er stærsti óvissuþátturinn. Íbúaspá Hagstofu gerir ráð fyrir að til næstu 5 ára verði fjöldi aðfluttra áfram mikill en um miðjan næsta áratug kunni það að snúast við.

Með hliðsjón af íbúapróun og staðbundnum aðstæðum í Reykjanesbæ er sett fram sviðmynd um breytilegan vöxt, mest fjölgun næstu árin eða um 6% árið 2019 og 4% árin 2020-2022, en eftir það dragi úr vaxtarhraðanum og íbúafjölgun verði að meðaltali kringum um 2% á ári frá árinu 2023 og út skipulagstímabilið. Sviðmynd um breytilegan vöxt byggir m.a. á forsendum Húsnæðisáætlunar Reykjanesbæjar um íbúafjölgun til ársins 2025.

Til samanburðar eru þrjár sviðmyndir um 0,5%, 1% og 1,5% árlega íbúafjölgun yfir allt skipulagstímabilið:

Sviðsmynd	Íbúafjöldi 2035	Fjölgun íbúa
1. Lágspá (0,5%)	20.500	1.600
2. Miðspá (1,0%)	22.200	3.300
3. Háspá (1,5%)	24.000	5.100
4. Breytilegur vöxtur	27.700	8.800



Mynd 3.3 Íbúapróun í Reykjanesbæ og mannfjöldaspá til ársins 2035


Lágspáin (0,5%) er langt undir íbúafjölgun í Reykjanesbæ undanfarna áratugi og verður að teljast ólíkleg sviðmynd. Sennilegra er að íbúafjölgunin liggi milli miðspár og breytilegs vaxtar og íbúar Reykjanesbæjar verði á bilinu 22.200 til 27.700 talsins árið 2035 (mynd 3.3).

Óvissu gætir um íbúapróun vegna fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi í Reykjanesbæ og uppbyggingu og starfsemi Keflavíkurflugvallar. Framboð starfa í sveitarfélaginu og í nágrenninu mun líklegast hafa áhrif á íbúapróun í Reykjanesbæ.

3.3 Atvinnumál

Flest dagsverk eru í verslun og þjónustu og er Keflavíkurflugvöllur mikilvægur þáttur í atvinnulífinu. Mikil aukning hefur orðið í störfum tengdri ferðapjónustu og þá hefur störfum í iðnaði fjölgað á ný svo og störfum sem tengjast fullvinnslu sjávarfangs. Orkufrekur iðnaður hefur einnig verið að aukast jafnt og þétt.

Í skýrslu Byggðastofnunar um hagvöxt landshluta 2008-2016 kemur fram að næst á eftir Suðurlandi hafi Suðurnes verið mesta hagvaxtarsvæði landsins á árunum 2008-2016. Á mynd 3.4 má sjá hlutfall atvinnugeira á Suðurnesjum skipt eftir framleiðslu.



Mynd 3.4 Skipting framleiðslu á Suðurnesjum árið 2016. Heimild: Byggðastofnun (2019)

Árið 2018 voru 10.257 íbúar starfandi í Reykjanesbæ og hefur þeim fjölgað um 3.000 frá árinu 2014.

Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæðum. Heildaratvinnutekjur hafa vaxið stöðugt frá árinu 2011 en mest á árunum 2016 og 2017.


- Aflað verður nýjustu upplýsinga um atvinnulíf í sveitarfélaginu til að átta sig á aðstæðum í dag og tækifærum til framtíðar. Áhersla er lögð á gögnum um tegund atvinnu, stærð atvinnuhúsnæðis og þróun þessara þátta undanfarin ár.

3.4 Íbúðarhúsnæði

Fjöldi íbúða í Reykjanesbæ árið 2018 var 7.303. Fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur frá árinu 2008 en á árinu 2017 var 89 lóðum úthlutað og þá voru 541 íbúð í byggingu (reykjanesbaer.is). Árið 2018 voru skráðar 227 nýjar íbúðir í Reykjanesbæ skv. tölum Þjóðskrár. Gera má ráð fyrir að álíka margar klárast á árinu 2019 miðað við byggingarstöðuna árið 2017 og 2018.

Fjöldi íbúa á hverja íbúð frá 2014 til 2018 hefur aukist árlega. Hlutfall íbúa á framboð íbúða árið 2018 var 2,43.

Tegundir íbúða árið 2018 skiptast í einbýli og tvíbýli, sem eru 47% allra íbúða, íbúðir í 3-5 íbúðahúsum eru 7% og íbúðir í stærri fjölbýli eru 46%, sjá mynd 3.6.



Mynd 3.6 Tegundir íbúða í Reykjanesbæ 2018. Heimild: Þjóðskrá (2019)

Í Húsnæðisáætlun Reykjanesbæjar kemur fram að stærstur hluti eða 44% íbúða séu 150 m² eða stærri en hlutfall íbúða af stærðinni 100-150 m² um

28%. Íbúðir á bilinu 71 til 100 fermetrar voru 17% en 11% íbúða voru 30-70 fermetrar. Í aðalskipulagsvinnunni verður húsnæðisþörf skoðuð með hliðsjón af íbúðapróun og samsetningu fjölskyldugerða. Frá árinu 2014 hefur í Reykjanesbæ mest fjölgað einstaklingsheimilum skv. tölum Hagstofu Íslands.

- Aflað verður ítarlegri upplýsinga um fjölda íbúða, tegund og yfirlit um lausar íbúðir og lausar lóðir.

4 Viðfangsefni og áherslur

Leiðarljós skipulagsvinnu verða þau sömu og aðalskipulagsins 2015-2030. Einnig eru markmiðin að mestu leyti þau sömu.

Leiðarljós aðalskipulagsvinnunnar verða áfram að skapa lífsgæði fyrir íbúa í Reykjanesbæ með þróun atvinnutækifæra, nauðsynlegri þjónustu fyrir alla aldurshópa, tækifærum til fjölbreyttrar búsetu og nálægð við náttúru.

Skipulagsvinnan mun fylgja þeirri stefnumörkun sem fram kemur í stefnumótun landsskipulags og Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 - 2024. Þar er lögð áhersla á samvinnu nágrannasveitarfélaga, s.s. vegna uppbyggingar atvinnusvæða norðan Keflavíkurflugvallar, verndun strandlengju á Suðurnesjum og samnýtingu þjónustu. Í endurskoðun aðalskipulagsins verður fram haldið vinnu á þessum grunni með áherslu á útfærslu þessara stefnumarkana með hagsmuni Reykjanesbæjar að leiðarljósi.

Skipulagsvinnan mun taka mið af aðalskipulagsáætlunum aðliggjandi sveitarfélaga og Keflavíkurflugvallar, sérstaklega hvað varðar landnotkun á sveitarfélagsmörkum, samgöngum og innviðum.

Auk þess verður í skipulaginu útfærð stefnumörkun ýmissa áætlana stjórnvalda, sem eiga við um Reykjanesbæ.

4.1 Helstu viðfangsefni skipulagsvinnu

Reykjanesbær telur að grundvallarbreytingar á efnahags- og samfélagslegum forsendum, sem fela m.a. í sér aðra íbúðapróun, skapi nýjar áskoranir fyrir sveitarfélagið að móta leiðir að framtíð sveitarfélagsins í takt við leiðarljós og markmið aðalskipulagsins.

Helstu málaflokkar skipulagsvinnu verða þeir sömu og áður og eru eftirfarandi:

- (1) Atvinna
- (2) Íbúðarbyggð
- (3) Auðlindir
- (4) Samgöngur og veitur
- (5) Samfélag

Bætt verður við nýjum köflum, sem fjalla annars vegar um loftslagsmál og hins vegar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í kafla um loftslagsmál er gert ráð fyrir að fjalla um mögulega þróun losunar gróðurhúsalofttegunda vegna stefnu aðalskipulagsins og gerð grein fyrir mögulegri losun gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu. Í kafla um heimsmarkmið er fjallað um þau heimsmarkmið sem varða mest málaflokka aðalskipulags, s.s. markmið um sjálfbærar borgir og samfélög, um heilsu og vellíðan og um verndun lífríkis, og með hvaða hætti stefna og áform aðalskipulags geta stuðlað að framgangi heimsmarkmiða.

Mun vinna við ofangreinda málaflokka m.a. byggja á spám um íbúðapróun í sveitarfélaginu, möguleikum til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu í samstarfi við aðliggjandi sveitarfélög og Keflavíkurflugvöll, framtíðarsýn íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu og stefnumörkun annarra áætlana.

Áhersla aðalskipulagsvinnu er á að uppbygging eigi sér stað innan núverandi þéttbýlismarka með þéttingu byggðar, uppbyggingu atvinnutækifæra í sveitarfélaginu, endurskoðun orkumála, atvinnumál með tilliti til landnotkunar, endurskoðun á vatnsverndarsvæðum og hagkvæm uppbygging á samgöngu og veitukerfum.

4.2 Atvinna

Reykjanesbær telur að leiðarljós um atvinnu eigi enn við hvað varðar atvinnu. Sveitarfélagið stefnir að áframhaldandi uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnu. Hins vegar þurfi að endurskoða leiðirnar sem hafi verið ákveðnar í aðalskipulagi.

Leiðarljós

Leitað verður nýrra atvinnutækifæra, sem skapast af sérstöðu bæjarins, um leið og núverandi atvinnugreinar verða eflar. Möguleikar samlegðaráhrifa alþjóðaflugvallar, stofnbrauta, Helguvíkurfahafnar og góðar samgöngur við stór atvinnusvæði erlendis og hérlendis verði nýttir til atvinnusköpunar s.s. við uppbyggingu fyrirtækjasklása.

Stuðlað verði að auknu framboði fjölbreyttra og vel launaðra starfa.

Helstu sóknarfæri atvinnuuppbyggingar verða í tengslum við flugvöll, orkuvinnslu og háskóla, sem og nálægð við höfuðborgarsvæðið og greiðar samgöngur ásamt tengingu alþjóðaflugvallarins við landsbyggðina. Áhersla verður á alþjóðleg tengsl og sérfræðiþekkingu s.s. á sviði öryggismála, jarðhita, jarðfræði og orkuvinnslu, vinnslu sjávarfangs, heilsulinda, hugverkaiðnaðar og ferðaþjónustu.



Markmið

- ✓ Að auka framboð og fjölbreytileika starfa í sveitarfélaginu.
- ✓ Að auka hlut vel launaðra starfa í sveitarfélaginu.
- ✓ Að byggja upp atvinnustarfsemi í tengslum við alþjóðlegan flugvöll.
- ✓ Að byggja upp þjónustu á sviði menntunar.
- ✓ Að nýta lykilstaðsetningu Reykjanesbæjar fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu.
- ✓ Að styrkja núverandi verslun og þjónustu.
- ✓ Að efla ferðaþjónustu sbr. ferðamálastefnu Reykjanesbæjar.

Flest markmiðin eru enn í gildi, en rýna þarf þau m.t.t. nýrra aðstæðna s.s. hvað varðar uppbyggingu í Helguvík, öran vöxt ferðaþjónustu, uppbyggingu við Keflavíkurflugvöll, þróun á Ásbrú, þróun atvinnusvæðis við gatnamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar og umfang byggingarheimilda.

Auk ofangreindra þátta verður farið yfir ákvarðanir um umbreytingarsvæði í aðalskipulagi 2015-2030, þ.e. atvinnusvæðum sem breytt var í íbúðarsvæði og öfugt. Mikilvægt er að skoða hvort að ákveðin blöndun geti átt sér stað á þessum svæðum og setja mögulega skilmála og skilgreina kvaðir varðandi blandaða notkun, m.a. gistiheimili. Sjá eftirfarandi yfirlit og myndir 4.1 og 4.2.

Nr.	Svæði	Skoðun
1	Helguvík	Skoðað verður hver framtíðaruppbygging skuli vera í Helguvík s.s. hvort byggja skuli áfram upp, hvers konar starfsemi og umfang hennar. Landnotkun og afmörkun svæðis verður endurskoðuð. Farið yfir afmörkun þynningarsvæðis.
2	Grófin/Berg	Farið yfir tækifæri til blöndunar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Bæta aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn. Minnka smábátahöfn. Rýna mögulega breytingu athafnasvæðis við Vesturgötu í miðsvæði.
3	Vatnsnes og nágrenni	Fara yfir tækifæri til blöndunar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Niðurfelling athafnasvæða í miðsvæði, m.a. við Austurgötu og Skólaveg. Rýni miðsvæða og íbúðarsvæða m.t.t. staðsetningar, byggingarmagns og hæðar húsa.
4	Norðan Aðalgötu,	Fara yfir tækifæri til blöndunar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Athuga ríkjandi landnotkun m.t.t. að breyta í miðsvæði og auka byggingarmagn
5	Hólagata	Fara yfir tækifæri til blöndunar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Hólagata verslunar- og þjónustusvæði verði miðsvæði. Skilgreina byggingarmagn og húshæðir.
6	Bolafótur	Athuga strangari skilmála atvinnustarfsemi vegna nándar við íbúðarbyggð.
7	Fitjabraut	Fara yfir tækifæri til blöndunar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Rýna landnotkun, þ.e. hvort að miðsvæði, atvinnusvæði og íbúðir henti betur á hluta athafnasvæðis.
8	Hákotstangar	Rýna landnotkun. Fara yfir tækifæri til blöndunar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Skoða forsendur
9	Sólbrekkur (Motopark svæði) sunnan Reykjanesbrautar við Grindavíkurveg.	Endurmat stefnu og skilmála svæðis. Fyrirhuguð ætlun um framtíðarlandnotkun á svæðinu, tengdri ferðaþjónustu, jarðvangi, atvinnustarfsemi og náttúru. Samráð við aðliggjandi sveitarfélög m.a. um stefnu, landnotkun, uppbyggingartíma og umfang uppbyggingar.
10	Ásbrú	Skerpa á afmörkun landnotkunar og aukins þéttleika m.t.t. nýs rammaskipulags. Rýni minnkunar og/eða færslu athafnasvæðis m.t.t. aukningar verslunar og þjónustu, þ.e. stækkun miðsvæðis. Staðsetja lóðir fyrir skóla og leikskóla og aðra samfélagsþjónustu. Unnið í samvinnu við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.
11	Sjónarhóll	Endurskoða umfang og eðli starfsemi m.t.t. breyttrar afmörkunar á vatnsvernd.
12	Orkuvinnsla	Endurskoða skilmála á orkuvinnslusvæði á Reykjanesi. Skoða afmörkun orkuvinnslusvæðisins, lögun þess og skilmála. Meta hvort rýmka eigi heimildir fyrir önnur mannvirki en borholur og lagnir utan skilgreinds iðnaðarsvæðis.



4.3 Íbúðarbyggð

Markmið skipulagsvinnu verður að móta umgjörð sem getur annað fjölgun íbúa sem vænta má í framtíðinni. Skipulagið þarf að geta tekist á við hvort heldur er hægan vöxt eða öran, sem og vaxtarkippi. Áhersla er lögð á að skapa aðlaðandi umhverfi til búsetu og fjölbreytta búsetukosti.

Reykjanesbær telur að leiðarljós um íbúðarbyggð eigi enn við.

Leiðarljós

Við uppbyggingu bæjarins er nauðsynlegt að hlúa að fallettri og vistlegri bæjarmynd og umhverfi. Kostum og sérkennum bæjarins verði viðhaldið samtímis sem þróaður verði áhugaverður og nútímalegur Reykjanesbær framtíðarinnar. Byggð verði efl og samhengi hennar tryggt með markvissum vexti við lífæð. Byggð að Reykjanesbraut verði vönduð og lögð áhersla á góða ásýnd nýrra þjónustukjarna og tengsl þeirra við bæinn um lífæð. Rækt verði lögð við yfirbragð og umhverfi strandlengju og hafna.

Markmið

- ✓ Hagkvæm nýting lands og þjónustukerfa
- ✓ Þétting íbúðarbyggðar og endurskipulagning á svæðum sem eru vannýtt eða notkun hefur breyst á
- ✓ Bygging íbúða sem getur mætt þörfum íbúa
- ✓ Fjölbreytt framboð húsnæðis á þéttingarsvæðum og óbrotnu landi.
- ✓ Samhengi núverandi svæða byggðar og framtíðarbyggðar
- ✓ Markviss uppbygging verslunar og þjónustu og blandaðrar byggðar við „lífæð“
- ✓ Góð tengsl byggðasvæða við útivistarsvæði, opin svæði og strandlengju
- ✓ Gæði við skipulag og hönnun mannvirkja
- ✓ Verndun eða friðun skilgreindra bygginga, byggðar og búsetulandslags
- ✓ Skilgreining og vinnsla nýrra verndarsvæða í byggð

Ofangreind markmið eru áfram í gildi en kunna að taka einhverjum breytingum. Markmið um skilgreiningu og vinnslu verndarsvæða í byggð er nýtt og í samræmi við lög þess efnis og reglugerð frá 2015 og 2016.

Ein af forsendum endurskoðunar er endurmat íbúðarpróunar og uppbyggingar íbúða í Reykjanesbæ, þar sem íbúðarpróun hefur verið örari og uppbygging önnur en áætlað var. Við endurskoðun verður áfram lögð áhersla á þéttingu byggðar og nýtingu þeirra svæða sem þegar hefur verið hafist handa við að byggja. Það er, á svæði norðan Reykjanesbrautar og á Ásbrú.

Við afmörkun íbúðarsvæða verður byggt á spá um íbúðarpróun og fjölda íbúða og lóða sem er aðgengileg nú þegar. Þessir þættir verða rýndir við endurskoðun aðalskipulags.

Skilgreind íbúðarsvæði sem voru í aðalskipulagi 2015-2030 kunna að breytast í forgangsröðun á skipulagstímabilinu. Mynd 4.3 sýnir þau svæði sem verða til skoðunar sem áherslusvæði (ný svæði og þétting) íbúðaruppbyggingar.

Í endurskoðun íbúðarbyggðar verður lögð áhersla á eftirfarandi viðfangsefni:

- Þéttingu byggðar. Byggt innan þeirra marka sem nú þegar hefur verið hafist handa við skipulag og uppbyggingu á.
- Hagkvæma uppbyggingu gatnakerfis og innviða og nýtingu þeirra innviða sem þegar eru til staðar.
- Hagkvæma nýtingu stofnþjónustu, s.s. skóla og leikskóla.
- Forgangsröðun uppbyggingar.
- Skoðun á skilgreiningu blandaðrar byggðar á svæðum þar sem íbúðarbyggð og atvinnuuppbygging hefur skarast.

Nr.	Svæði	Skoðun
2-5 og 7-8	Sjá kafla 4.2	Blöndun og/eða endurskilgreining ríkjandi landnotkunar.
10	Ásbrú	Skoða uppbyggingarmöguleika á Ásbrú í samræmi við nýtt rammaskipulag. Skoða hvort færa eigi uppbyggingu á svæðinu framur í forgangsröðina. Áhersla lögð á yfirbragð byggðar.
14	Stapahverfi (Dalshverfi austur)	Í deiliskipulagsferli. Stefnt að uppbyggingu að hluta 2020. Skoða aukinn þéttleika síðari áfanga.
15-16	Byggð sunnan Reykjanesbrautar	Framtíðarbyggð. Í lok skipulagstímabils, eða frestað til næstu endurskoðunar.
17	Vestan Grófar/Bergs	Skoða svæði sem mögulega íbúðarbyggð.
18	Heiðahverfi	Möguleg stækkun íbúðarhverfis til norðurs.
19	Við Smáratún	Hugsanleg niðurfelling rólóvallar fyrir íbúðarbyggð.
21	ÍB31/Narfakotstún	Hugsanleg niðurfelling íbúðarbyggðar eða minnkun svæðis.
21	ÍB21/Vallargata	Skoða að draga úr uppbyggingu. Athuga byggðarmynstursverndun.
22	ÍB28 og ÍB29/Flugvallarvegur	Sameining í Hlíðarhverfi – fjölgun íbúða.
23	ÍB25/vestan Njarðvíkurhafnar	Skoða fjölgun íbúða.


Verndarsvæði í byggð

Byggt á fyrirliggjandi húsa- og byggðarkönnun frá 2012 m.a., hefur verið unnið að tillögu að greinargerð um verndarsvæði í byggð í gömlu Keflavík. Svæði til umfjöllunar verður hugsanlega stækkað.

Fyrir utan húsakannanir, sem ber að vinna þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum verður unnið að tillögum um verndarsvæði í byggð á grundvelli þeirra og fornleifaskráninga á fjórum stöðum.

Athugað verður með að vinna tillögur að verndarsvæðum í byggð á eftirtöldum svæðum:

Nr.	Svæði	Skoðun
25	Duus svæði, Keflavíkurtún	Á grunni húsakönnunar 2012 má skoða að stækka núverandi tillögun svæði og fella undir aðalskipulag.
26	Njarðvíkurhöfn	Jaðar eldri íbúðarbyggðar og hafnartengds húsnæðis og mannvirkja við höfn.
27	Hákotstangar	Gamalt byggðarmynstur atvinnusvæðis. Byggingar, tjarnir og tóftir. Menningar- og atvinnusaga í Innri Njarðvík í nánd við Njarðvírkirkju.
28	Pattersonflugvöllur og umhverfi	Mikilvægar herminjar og mannvirki. Hugsanlegt útivistarsvæði.
29	Hafnir	Byggð fyrst á 13. öld. Á 18. öld var blómleg byggð í Höfnum. Gamalt byggðarmynstur og merki um búsetuhætti og sögu strandmenningar. Forn kirkjustaður. Merk menningarleg heild.



Mynd 4.3 Íbúðarsvæði og hugsanleg verndarsvæði í byggð til skoðunar í sveitarfélaginu. Sjá einnig yfirlitstöflu

4.4 Auðlindir

Sveitarfélagið býr að nálægð við hafið og er víðsýnt til allra átta. Skipulagið á að veita íbúum tækifæri til að njóta og nýta þau náttúrulegu gæði sem felast í sveitarfélaginu.

Leiðarljós og markmið verða að mestu óbreytt frá skipulaginu 2015-2030.

Leiðarljós

Auðlindir bæjarins verði nýttar á markvissan og skynsamlegan hátt til eflingar atvinnuvega og aukinna lífsgæða í þágu bæjarbúa. Hlúð verði að náttúru og útivistarsvæðum og vistvæn ímynd bæjarins verði styrkt. Heilbrigðir lífshættir og þekking íbúa á sínu nánasta umhverfi verði grunnstoðir að sjálfbæru samfélagi í sveitarfélaginu. Sérfræðiþekking í tengslum við jarðhita, jarðfræði og vistvæna orkugjafa verði eflað og hún verði fastur liður í mótun á ímynd sveitarfélagsins.


Markmið

- ✓ Nýting náttúruauðlinda byggji ávallt á bestu fánanlegu tækni og þekkingu til að tryggja eins og kostur er sjálfbæra nýtingu þeirra.
- ✓ Bætt lýðheilsa með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir mismunandi hópa.
- ✓ Nýting þeirra möguleika sem felast í stórbrotinni náttúru sveitarfélagsins til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn og efla á þann hátt og styrkja fjölbreytt atvinnulíf.
- ✓ Verndun náttúrulegs umhverfis í sveitarfélaginu þ.m.t. landslags, líffræðilegrar fjölbreytni, jarðmyndana og jarðvegs.

Í skipulagsvinnunni verður áfram unnið að verndun strandlengjunnar, nýta tækifærin sem felast í Reykjanes Geopark, stuðla að skógrækt o.fl. Einnig eru ýmis svæði sem tilgreind eru fyrir útivist. Ábendingar komu fram á íbúáþingi að huga betur að opnum svæðum í Reykjanesbæ.

Sérstök áhersla verður lögð á eftirfarandi viðfangsefni:

Nr.	Svæði	Skoðun
12	Orkuvinnsla	Skoða mögulegar breytingar á skilmálum m.t.t. sérstöðu og verndargildi svæðisins. Sjá mynd 4.1.
17	Vatnsverndarsvæði	Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd til kynningar meðal aðildarsveitarfélaga svæðisskipulagsins. Breytingartillagan færir mörk fjarsvæðis vatnsverndar á Njarðvíkurheiði suður fyrir þéttbýlismörkin (sjá mynd 4.4).



4.5 Samgöngur og veitur (Þjónustukerfi)

Samgöngur í sveitarfélaginu eru almennt góðar. Tvöföldun Reykjanesbrautar hefur bætt samgöngur til höfuðborgarsvæðisins. Í sveitarfélaginu er iðnaðar- og þjónustuhöfn, einnig sem alþjóðlegur flugvöllur er í næsta nágrenni.

Leiðarljós og markmið aðalskipulags 2015-2030 eru að mestu óbreytt.

Leiðarljós

Lykilstaðsetning bæjarins með öflugum samgöngum verði nýtt til hins ýtrasta. Í vaxtarmöguleikum bæjarins og góðu aðgengi að honum, jafnt úr lofti, sjó og landi, eru fólgin einstök sóknarfæri. Tengsl við Evrópu, Ameríku og Asíu um alþjóðaflugvöll verði aflvaki gróskumikils atvinnulífs, menntunar og menningar. Stuðlað verði að fjölbreyttum samgöngum og ferðamáta í bæjarfélaginu fyrir akandi, hjólandi og gangandi.

Markmið

- ✓ Uppbygging samgöngukerfis Reykjanesbæjar taki mið af alþjóðlegum flugvelli, stækkandi bæjarfélagi og fjölbreyttum samgöngumátum.
- ✓ Stuðla að öruggu samgöngukerfi.
- ✓ Stuðla að bættum samgöngutengingum milli bæjarhluta.
- ✓ Framlengja og styrkja „lífæðina“, þannig að hún nái til nýrra hverfa og þróist í takt við vöxt bæjarins.
- ✓ Hafnarsvæði Reykjaneshafna verði endurskoðuð í samræmi við framtíðarsýn Reykjaneshafna, s.s. aðstaða fyrir stórskipahöfn og skemmtiferðaskip.
- ✓ Auka afkastagetu flutningskerfis raforku til þess að tryggja núverandi raforkunotkun og gera mögulega atvinnuuppbyggingu og aukna íbúðarbyggð.
- ✓ Vinna áfram að uppbyggingu fráveitukerfisins og að það verði í takt við vöxt bæjarfélagsins.
- ✓ Allar nýjar raflínur í þéttbýli verði lagðar í jörðu.
- ✓ Tryggja nægt og öruggt aðgengi að neysluvatni.
- ✓ Vinna áfram með sveitarfélögum á Suðurnesjum að sorpförgun.

Endurskoðun aðalskipulagsins mun leggja áherslu á eftirfarandi viðfangsefni:

Nr.	Svæði	Skoðun
21	Þjóðbraut	Unnið að því að færa Þjóðbraut, þannig að hún liggi á mörkum Reykjanesbæjar og Keflavíkflugvallar. Tilgangur er að samnýta vegakerfið og opna betur á þau tækifæri sem felast í uppbyggingu Háaleitishlaðs á flugvallarsvæðinu.
22	Reykjanesbraut	Áhersla á að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar og kannaðir möguleikar á stökklausn, til að tengja Ásbrú betur við byggð norðan Reykjanesbrautar. Unnið í samráði við Vegagerðina.
23	Veitukerfi	Lagðar fram tillögur um nauðsynlega innviði, þ.e. rafveitu, fráveitu, vatnsveitu og fjarskipti í samræmi við breyttar áherslur í uppbyggingu íbúða og atvinnu.
24	Stígakerfið	Skoða að tengja hjólastígakerfi við Voga, Suðurnesjabæ og við gamla Keflavíkurvegin. Áhersla á íbúa, fjölbreyttan ferðamáta og aðgengi ferðamanna að bænum.

4.6 Samfélag

Leiðarljós

Stuðlað verði að auðugu mannlífi og félagslegum fjölbreytileika með því að tryggja margvíslega atvinnu-, menntunar- og búsetumöguleika. Nálægð bæjarins við Keflavíkurlugvöll hefur í gegnum tíðina gert hann að hliði að alþjóðamenningu. Því hlutverki verði viðhaldið og sköpuð skilyrði fyrir háskóla með alþjóðatengsl og framboð menntunar af miklum gæðum. Fjölpætt framboð á afþreyingu, þjónustu, menningu og menntun fyrir alla aldurshópa verði eftt með áherslu á sérstöðu og sögu bæjarins og skírskotun til alþjóðavæðingar. Tónlist og íþróttum verði áfram gert hátt undir höfði. Í samræmi við staðsetningu bæjarins við alþjóðlegan flugvöll er áhersla lögð á að skapa skilyrði fyrir fjölmenningslegu samfélag og mismunandi þjóðfélagshópa með tilliti til aldurs, efnahags og þjóðernis.

Markmið

- ✓ Öflug opinber þjónusta.
- ✓ Staðsetning þjónustu við skilgreind áherslusvæði.
- ✓ Samnýting samfélagsþjónustu með nágrannasveitarfélögum.
- ✓ Samvinna við erlendar menntastofnanir og atvinnufyrirtæki.
- ✓ Nýting sérstöðu, sóknarfæra og vaxtarmöguleika við alþjóðaflugvöll.
- ✓ Góð tengsl við höfuðborgarsvæðið.

Mögulega verða einhverjar minni háttar breytingar á leiðarljósum og markmiðum um samfélag.

Áhersla skipulagsvinnu verður á eftirfarandi viðfangsefni:

Nr.	Svæði	Skoðun
26	Náttúruvá	Samræma stefnu við nýjustu gögn og upplýsingar frá Veðurstofunni og öðrum aðilum. Afmörkuð verða möguleg vásvæði, s.s. lágsvæði og gerð grein fyrir heildarhættumati vegna eldgosa og jarðhræringa.

4.7 Loftslag

Stjórnvöld hafa sett fram markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Í endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar verður áhersla lögð á að stefna um landnotkun og þróun byggðar styðji við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með samþættingu byggðar og samgangna. Jafnframt verður horft til aðgerða sem miða að bindingu kolefnis, svo sem landgræðslu og skógrækt og aðlögun byggðar og samfélags að loftslagsbreytingum, einkum með tillit til hækkunar sjávarborðs og skipulagi strandsvæða.

Markmið

- ✓ Öll uppbygging miði að því að draga úr kolefnislosun, svo sem með bættri orkunýtingu, sjálfbærari samgöngum og innviðum fyrir orkuskipti.
- ✓ Skilgreindar verði aðgerðir til kolefnisbindingar.
- ✓ Tryggt verði að Reykjanesbær geti mætt neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga m.a. hækkun sjávarborðs.

4.8 Takmarkanir á landnotkun

Ýmsar takmarkanir á landnotkun eru í gildi í Reykjanesbæ. Í skipulagsvinnu verður farið yfir þessar takmarkanir, lagt mat á það hvernig þær hafa áhrif á byggðapróun og hvort leggja eigi til breytingar á takmörkunum. Jafnframt verður rætt við aðila sem fara með skipulagsvald og áætlanir á aðliggjandi svæðum og dregið fram hvort að áætlanir annarra aðila séu að breytast og mögulega takmarkanir í kjölfarið.

Þetta á sérstaklega við landnotkun á atvinnu- og iðnaðarsvæðum þar sem skoðaðir verða frekari möguleikar á blandaðri byggð.

5 Tengsl við aðrar áætlanir

Eftirtaldar áætlanir verða rýndar með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum þeirra á mótun aðalskipulagsins:

- ▶ Landsskipulagsstefna 2015-2026.
- ▶ Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 er stefnumarkandi um ýmsa þætti sem hafa áhrif á mótun aðalskipulags Reykjanesbæjar. Helstu beinu áhrifin eru eftirfarandi:
 - > Mörkuð hafa verið sameiginleg atvinnusvæði í svæðisskipulagi og lögð er áhersla á samvinnu og samstarf í uppbyggingu atvinnusvæða.
 - > Mælt er fyrir samfelldum göngu- og hjólastíg um Suðurnesjabæ, Reykjanesbæ og Voga ásamt tengingu við Keflavíkurflugvöll.
 - > Uppbygging ýmissa innviða samfélagsins á Suðurnesjum verði ákvörðuð svo nýta megí samlegðaráhrif allra íbúa svæðisins. Þar eru með talin menntamál, heilbrigðismál, þjónusta við eldri borgara og fatlað fólk, útivist og úrgangsmál.
- ▶ Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030.
- ▶ Aðalskipulag Suðurnesjabæjar: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024.
- ▶ Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2010-2030 og væntanlega endurskoðun.
- ▶ Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
- ▶ Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland 2018-2029
 - > Meginmarkmið um að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi og undirmarkmiðin þrjú með mælanlegum árangursvísum. Markmiðin eru að fækka ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi, fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir heilsufarsmörk og halda áfram ársmeðaltali brennisteinsvetnis undir skilgreindum mörkum.
- ▶ Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030:

- > Meginmarkmið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030.

- ▶ Ferðamálaáætlun 2011-2022.
- ▶ Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
- ▶ Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- ▶ Samgönguáætlun 2019-2033 og litið til aðgerðaráætlunar til fimm ára fyrir tímabilið 2019-2023.
- ▶ Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027.
- ▶ Náttúruuminjaskrá og Náttúruverndaráætlun.
- ▶ Stefnumarkandi skjöl um jarðvang (e. Geopark) á Suðurnesjum.
- ▶ Sóknaráætlun Suðurnesja og Íslands 2020.

6 Matslýsing

6.1 Matsskylda

Endurskoðun Aðalskipulags Reykjanesbæjar er matsskyld skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem skipulagið:

- ▶ Markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
- ▶ er undirbúin eða samþykkt af stjórnvöldum og
- ▶ unnið samkvæmt lögum.

6.2 Nálgun og áherslur matsvinnu

Umhverfisskýrsla verður liður greinargerðar með endurskoðuðu aðalskipulagi. Þar verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulags, sbr. umfjöllun um viðfangsefni og áherslur í kafla 4. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja að við ákvörðun um landnotkun verði litið til umhverfissjónarmiða.

Megin áhrifaþættir skipulagsins snúa að megin viðfangsefnum (kafla 4). Aðrir áhrifaþættir sem kunna að koma fram í skipulagsvinnunni verða einnig

skoðaðir m.t.t. umhverfisáhrifa eftir því sem við á. Að teknu tilliti til umfangs og eðlis áhrifa verður greint frá heildaráhrifum í umhverfisskýrslunni.

6.3 Valkostir

Markmið matsvinnu er að fá fram upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif mismunandi valkosta, sem og leggja til mótvægisáðgerðir, rannsóknir og vöktun sé þess talin þörf.

Umfjöllun um valkosti snýr fyrst og fremst að þeim breytingum sem lagðar eru fram í endurskoðuðu aðalskipulagi, sjá í kafla 4, og hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á skilgreinda umhverfisþætti (tafla 6.1). Þeir valkostir sem eru til umfjöllunar varða breytingar á stærð og afmörkun íbúðarsvæða, atvinnusvæða, iðnaðar- og athafnasvæða.

Tafla 6.1. Yfirlit yfir breytingar á aðalskipulagi, umhverfisþætti og áhrifaþætti breytinga.

Breyting	Umhverfisþáttur	Áhrifaþáttur
Stærð og afmörkun íbúðarsvæða, atvinnusvæða, iðnaðar- og athafnasvæða	Samgöngur Landrými Landslag og ásýnd Loftgæði	Þétting byggðar og dregið úr umfangi íbúðarsvæða. Minna umfang atvinnu-, iðnaðar og athafnasvæða
Legga Hafnarveggar	Landslag og ásýnd Landrými	Breytt lega
Umfang vatnsverndarsvæðis	Vatnafar (verndarsvæði)	Byggðapróun
Endurskoðun á orkuvinnslusvæði	Jarðfræði og jarðmyndanir Lífriki Verndar- og útivistarsvæði	Virkjunarkostir Möguleg breyting á stefnu um tilhögun orkuvinnslu á orkuvinnslusvæðum.

6.4 Staðhættir og sérstaða

Tekið er saman yfirlit um staðhætti og sérstöðu svæðisins í tengslum við umræðu um valkosti. Tilgangurinn er að skerpa á þeim megin þáttum sem þarf að fjalla um í umhverfismatinu.

6.5 Umhverfisþættir

Umfjöllun um umhverfisáhrif áætlunarinnar miðar að því að fjalla fyrst og fremst um þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum vegna breytinga á aðalskipulaginu. Þeir umhverfisþættir sem fjallað verður um og tengjast ekki beint umræðu um valkosti eru:

Breyting	Umhverfisþáttur
Sjór og strandlengja	Í tengslum við umhverfisgæði strandsjávar og saurgerlamengun á strandsvæðum.
Heilsa	Í tengslum við samgöngur og útivist verður fjallað um hvaða áhrif breyting á aðalskipulagi kann að hafa á heilsu íbúa.
Náttúruvá	Almennt í tengslum við byggðapróun í sveitarfélaginu. Í tengslum við hækun sjávar.
Verndar- og útivistarsvæði	Stefna um verndarsvæði í byggð. Stefna um möguleg svæði sem skal vernda eða takmarka til mannvirkjagerðar. Endurskoðun verndaráætlaða

Á heildina litið má gera ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi muni draga úr jarðefnanotkun, vatnsnotkun og orkunotkun. Í umhverfismati áætlunarinnar verður fjallað almennt um áhrif breytingarinnar á þessa þætti sem og heildaráhrif áætlunar á umhverfið.

Ekki verður fjallað sérstaklega um eftirfarandi umhverfisþætti þar sem þeir eru ekki líklegir til að verða fyrir áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar:

- ▶ Auðlindir: Umræða um fráveitu mun tengjast umfjöllun um sjó og strandlengju og saurgerlamengun á strandsvæðum. Að öðru leyti er engin breyting á stefnu sveitarfélagsins í úrgangsmálum og því ekki fjallað um það sérstaklega.

Yfirlit um umhverfisþætti, megin upplýsingar sem stuðst er við, matsspurningar og viðmið í mat á vægi áhrifa má sjá í töflu í kafla 9.

6.6 Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu

Nálgun umhverfismats gerir ráð fyrir að matsvinnan nýtist til að stuðla að því að stefnumótun verði upplýst og rökstudd. Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif breytinga aðalskipulags geti talist verulega neikvæð og ef svo er verður hægt að bregðast við því með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

7 Kynning og samráð

7.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) drög að aðalskipulagi og drög að umhverfisskýrslu og (3) tillaga að aðalskipulagi og umhverfisskýrsla verða aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is

Fésbókarsíða verður fyrir aðalskipulagsvinnuna í Reykjanesbæ. Þar geta íbúar og hagsmunaaðilar fylgst með framvindu skipulagsvinnu, kynnt sér fyrirbyggjandi gögn og komið með ábendingar.

Skipulags- og matslýsingin byggir m.a. á ábendingum sem komu fram á íbúáþingi um áherslur í endurskoðuðu aðalskipulagi, ásamt ábendingum sem voru sendar um íbúagáttina.

7.2 Kynningar

Þann 17. nóvember sl. var haldið íbúáþingi, þar sem rætt var um þær áherslur sem leggja ætti í endurskoðun aðalskipulagsins.

Við mótun aðalskipulagsins verða haldnir ýmsir kynningar- og samráðsfundir. Lögð verður áhersla á að fá fram sjónarmið um þau viðfangsefni sem eru til skoðunar. Skipulags- og matslýsing þessi verður kynnt íbúum á opnum fundi.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu kynningarfundi:

- Drög að skipulagstillögu verða kynnt á opnum borgarafundi að lokinni umfjöllun umhverfis- og skipulagsráðs og bæjarráðs.
- Tillagan að aðalskipulagi verður auglýst og verður tekin ákvörðun um það hvort hún verði kynnt á opnum fundi eða eingöngu aðgengileg á Netinu.
- Stýrihópur skipulagsins mun við vinnu skipulagsins einnig leita til ýmissa aðila og kynna þeim viðfangsefni skipulagsins.

7.3 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum eftirtalinna aðila við lýsingu þessa, drög að skipulagstillögu og matsskýrslu ásamt skipulagstillögunni.

- Suðurnesjabær
- Sveitarfélagið Vogar
- Grindavíkurbær
- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
- Isavia
- Landhelgisgæsla Íslands
- Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Vegagerðin
- Ríkislögreglustjórinn Almannavarnadeild
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa
- Innanríkisráðuneytið
- Ferðamálastofa
- Náttúrufræðistofnun Íslands

7.4 Hagsmunaaðilar


Eftirtaldir aðilar munu fá sent erindi þar sem óskað er eftir álitum þeirra á skipulagsgögnum:

- Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja
- Reykjanes Geopark
- HS Orka
- HS Veitur
- Landsnet
- Landvernd
- Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Kadeco: Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
- Íbúasamtök í Reykjanesbæ
- Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
- Landssamtök hjólreiðamanna
- Hestamannafélagið Máni

8 Verkferli

Skipulagsferlið skiptist í 5 megin verkþætti, sem eru:

1. Íbúafundur um áherslur: 17.11.2018.
2. Skipulagslýsing: Áherslur/markmið, forsendur og fyrirliggjandi stefnur, samráðs- og skipulagsferli: Júní 2019.
3. Skipulagstillaga, forsendur og umhverfismat – kynning á vinnslustigi: Nóvember 2019.
4. Skipulagstillaga til auglýsingar: Apríl 2020.
5. Skipulagstillaga til samþykktar sveitarstjórnar: Nóvember 2020.



Mynd 8.1 Tímaáætlun fyrir endurskoðun Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035

9 Matsspurningar

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar/gögn	Matsspurning	Viðmið
1. Náttúrufar				
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Byggðapróun kann að hafa bein áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Nýtt land er tekið undir byggð/framkvæmdir	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030. Jarðfræðikort Afmörkun jarðmyndana með verndargildi. Náttúruminjaskrá.	Hefur áætlun áhrif á: ○ Viðkvæm svæði? ○ Svæði eða stakar jarðmyndanir með verndargildi?	Umhverfisstefna Reykjanesbæjar Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013 Samráð/álit: Umhverfisstofnun.
1.2 Vatnafar	Byggðapróun kann að hafa bein áhrif á vatnsverndarsvæði.	Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 (Vatnsverndarsvæði) ÍSÖR (2009). Vatnsverndarsvæði á Suðurnesjum Skýrsla ÍSOR um vatnsverndarsvæðið við Patterson-völl í Reykjanesbæ (2016).	Hefur áætlun áhrif á: ○ Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Samráð/álit: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.
1.3 Lífríki (gróður og dýr)	Byggðapróun kann að hafa bein áhrif á lífríki. Áhrif vegna nýrra svæða sem tekin eru undir byggð og/eða mannvirki.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030. Fyrirliggjandi gögn um lífríki (Náttúrufræðistofnun Íslands, o.fl.) Válistar Náttúrufræðistofnunar Náttúruverndarsvæði/Náttúruminjaskrá Vistgerðarkortlagning Náttúrufæðistofnunar	Hefur áætlun áhrif á: ○ Mikilvæg búsvæði? ○ Mikilvæg gróðursvæði? ○ Votlendi? ○ Lífræðilegan fjölbreytileika?	Umhverfisstefna Reykjanesbæjar Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013. Ríósamningur um lífræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða. Samráð/álit: Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun.
1.4 Sjór og strandlengja	Byggðapróun kann að hafa áhrif á strandlengjuna og sjó.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030 og Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024. Stöðuskýrslur og itargögn fyrir stjórn vatnamála hjá Umhverfisstofnun.	Hefur áætlun áhrif á: ○ Strandlengjuna? ○ Fjöldi saurgerla við strandlengju? ○ Gildi strandlengjunnar?	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Samráð/álit: Umhverfisstofnun.
2. Loftslag				
2.1 Loftgæði	Byggðapróun kann að hafa áhrif á loftgæði. Fyrst og fremst vegna iðnaðar, þéttingar byggðar og breytinga á umferð.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030. Mælistöðvar í Reykjanesbæ mæla svifryk, NO, NO ₂ og SO ₂ .	Hefur áætlun áhrif á: ○ Loftgæði?	Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Samráð/álit: Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.
2.2 Losun gróðurhúsalofttegunda	Byggðapróun hefur óbein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð og samgöngum. Stefna um atvinnu í sveitarfélaginu.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030.	Gerir áætlun ráðstafanir vegna loftlagsbreytinga? Hefur áætlun áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi, landnotkun og samgöngum í sveitarfélaginu?	Heimsmarkmið Sp, sbr. 13.1 um aðgerðir í loftlagsmálum. Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum 2018 - 2030

Umhverfispáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið
3. Samfélag				
3.1 Samgöngur	Byggðapróun hefur bein áhrif á samgöngukerfi og umferð.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030 (samgöngukerfi) Samgönguáætlun 2019-2033 og aðgerðaráætlunar fyrir tímabilið 2019-2023. Svæðisskipulag Suðurnesja	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> Akstursvegalengdir? Þjónustustig samgöngukerfis? Framboð almenningsgangna? 	Heimsmarkmið SP, sbr. 11.2. um samgöngur. Staðardagskrá 21 Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Samráð/álit: Vegagerðin, aðliggjandi sveitarfélög.
3.2 Heilsa	Byggðapróun kann að hafa áhrif á heilsu íbúa. Fyrst og fremst vegna mengunar frá umferð (útblastur og hávaði). Einnig kann byggðapróun að stuðla að bættri heilsu.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030 (samgöngukerfi) Hávaðalína vegna Keflavíkurflugvallar.	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> Loftgæði (sbr. 2.1)? Fjöldi/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum? Bætta heilsu og stuðlar að aukinni hreyfingu og útvist? 	Heimsmarkmið SP, sbr. 11.6 og 11.7. Reglugerð 724/2008 um hávaða. Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1.2 um vatn Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Umhverfisstofnun, Keflavíkurflugvöllur.
3.3 Menningarminjar	Byggðapróun kann að hafa áhrif á menningarminjar.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030 (þjóðminjaverndarsvæði) Fornleifaskráning	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> Fornminjar? Búsetu/menningarlandslag? 	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar Samráð/álit: Minjastofnun.
3.4 Náttúruvá	Athuga þarf stöðu byggðar m.t.t. náttúruvá. Fyrst og fremst um að ræða eldvirkni, sjávarstöðu og jarðskjálfta	Hæðarsetning lands. Skýrsla vísindanefndar um loftlagsbreytingar.	Er/verður náttúruvá til staðar á: <ul style="list-style-type: none"> Núverandi byggðasvæðum? Nýjum byggðasvæðum? 	Samráð/álit: Keflavíkurflugvöllur, Samgöngustofa, Siglingasvið Vegagerðarinnar, Veðurstofa Íslands.
4. Auðlindir				
4.1 Landrými	Byggðapróun hefur bein áhrif á landrými sem fer undir byggð og samgöngumannvirki.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Upplýsingar um nýtingu (íbúðir/ha) um heild og svæðisbundnar tölur	Hver er landnýting: <ul style="list-style-type: none"> Stærð byggðra svæða? Nýtingu landrýmis (íbúðir/ha) og landrými samgangna? Hindrunarfletir flugumferðar Keflavíkurflugvallar. 	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
4.2 Verndarsvæði og útvistarsvæði	Byggðapróun kann að hafa áhrif á verndarsvæði, útvistarsvæði og aðgengi að útvistarsvæðum.	Upplýsingar úr aðalskipulagi 2015-2030 um verndar og útvistarsvæði Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlun	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> Útvistarsvæði? Aðgengi að útvistarsvæðum? Verndarsvæði? 	Heimsmarkmið SP, sbr. 11.4, 11.7 og 15 Staðardagskrá 21 Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlun Samráð/álit: Umhverfisstofnun

Umhverfispáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið
4.3 Orkunotkun	Almenn umfjöllun um áhrif breytingar á umhverfispátt			
4.4 Vatnsnotkun /vatnsbúskapur	Almenn umfjöllun um áhrif breytingar á umhverfispátt			
4.5 Jarðefnanotkun	Almenn umfjöllun um áhrif breytingar á umhverfispátt			
4.6 Landslag/ásýnd	Byggðapróun hefur áhrif á ásýnd og landslag.		Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> ○ Náttúrulegt landslag? ○ Ásýnd bæjarfélagsins? 	
4.7 Sorp og fráveita	Ekki til sérstakrar umfjöllunar			